



## 392. Stjórnarfundur haldinn 18. apríl. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SV) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Boðsbréf frá UMFÍ v/boðs á setningu ráðstefnunnar „Ungt fólk og lýðræði“. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/boðunar á vorfund UMFÍ 5. maí á Selfossi. **EH mætir.**

Bréf v/ boðunar á starfsíþróttaping UMFÍ 28. apríl á Selfossi. **Kanna með mætingu.**

Bréf frá Landsbanka Íslands v/ nýrra kosta í sparnaði. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Þórdísi Þórhallsdóttur verkefnastjóra „Opins dags á Ásbrú“. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Sigurði Guðmundssyni landsfulltrúa UMFÍ v/ fjölskyldan á fjallið. **Keilir hefur verið tilnefndur inn til UMFÍ sem okkar fjall.**

Tölvupóstur frá Elísabet Magnúsdóttur ritara bæjarstjóra RNB v/ gjaldtöku í skólamannvirkjum bæjarins, en ákveðið er að íþróttahreyfingin greiði ekki gjald. **Aðalstjórn lýsir yfir ánægu sinni með þessa ákvörðun..**

Afrit af bréfi frá taekwondodeild Keflavíkur til Íþrótt- og tómstundaráðs RNB v/ æfingaaðstöðu deildarinnar. **Móttekið.**

Afrit af bréfi sent á taekwondodeild Keflavíkur frá Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar v/ bréfs þeirra til bandalagsins v/ æfingaaðstöðu deildarinnar. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ kynning á unglíngalandsmóti á Selfossi 2012. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Bréf sent á Landsbanka Íslands v/ heimildar á hækkun yfirdráttar fimleikadeildar Keflavíkur.

Umsókn í fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ.

Starfsskýrslur senda á ÍSÍ.

### 4 Fundir með deildum.

**Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi með knattspyrnudeild og einnig sund- og badmíntondeild.í næstu viku.**

### 5 Fyrirlestur.

Fyrirlestur í Íþróttakademíunni 24. apríl kl. 20:00 fyrir þjálfara Keflavíkur og Njarðvíkur. Efnið: „Börn með sérþarfir“.

### 6. Húsnefnd.

Fjórar deildir hafa skilað inn tilnefningu í húsnefnd. BI óskaði eftir því að boðað yrði til fundar í nefndinni sem fyrst. **Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar í samræði við formann nefndarinnar BI.**

### 7. Önnur mál.

Umræður um að fara yfir muni félagsins og einnig þá sem kunna að vera í kjallara





Hringbrautar 108. ÞMK sagði frá því að hann hefði óskað eftir tilboði í nýja tölvu inn á Frh.

skrifstofu aðalstjórnar. ***Samþykkt að uppfæra tölvubúnað á skrifstofu félagsins.***

SG kom með þá hugmynd að vera með hreinsunardag félagsins þar sem aðalstjórn og stjórnir knattspyrnu og körfuknattleiksdeildar kæmu saman í tvær klukkustundir að hreinsa svæðið kringum íþróttahúsið við Sunnubraut og íþróttavöllinn við Hringbraut í lokin yrði grillað saman. Stjórn tekur jákvætt í þetta og er framkvæmdastjóra falið að koma þessu á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

Fundinn ritaði SG

